

AUGLÝSING

um staðfestingu á verklagsreglum Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt.

Með vísan til 11. gr. reglugerðar nr. 1037/2013 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2014 og grein 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dagsettum 10. maí 2004, með síðari breytingum, hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfest verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt. Reglurnar eru birtar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Með þessari auglýsingu falla einnig brott eldri verklagsreglur um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 316/2012.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. júní 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Rebekka Hilmarsdóttir.

Fylgiskjal.

VERKLAGSREGLUR um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgriparækt.

1. gr.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármagns sem ráðstafað er til þróunarverkefna af lið 6.4 „Óframleiðslutengdar og/eða minna markaðstruflandi greiðslur“ í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004, með síðari breytingum. Kveðið er á um árlega heildarupphæð þessara fjármuna í „Reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda“ eins og hún birtist hverju sinni.

2. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast vörslu umræddra fjármuna, auglýsir tvisvar á ári eftir umsóknum og úthlutar styrkjum samkvæmt reglum þessum. Umsóknir um styrki skal senda til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Framleiðnisjóður landbúnaðarins úthlutar styrkjum eftir umsóknum.

3. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal leita umsagnar fagráðs í nautgriparækt um allar umsóknir sem honum berast.

Fagráð í nautgriparækt leggur faglegt mat á umsóknir um styrkveitingar. Styrkhæf eru þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska nautgriparækt og falla undir það að vera rannsóknir eða þróunarverkefni í nautgriparækt.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er óheimilt að afgreiða umsókn ef umsögn fagráðs liggur ekki fyrir. Meðmæli fagráðs er forsenda styrkveitingar.

4. gr.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, rannsóknahópar, háskólar, rannsóknastofnanir og fyrirtæki. Umsókn skal fylgja eftirfarandi:

- Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu.
- Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis, þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr. og hvernig það gagnast íslenskri nautgriparækt að öðru leyti.

- c) Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
- d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- e) Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

5. gr.

Áður en styrkur greiðist út skal umsækjandi staðfesta að fjármögnun verkefnisins í heild hafi verið tryggð, sbr. d-lið 4. gr.

Greiða má allt að 40% af samþykktum styrk til styrkþega þegar verkefni er sannarlega hafið. 20% af styrk má svo greiða þegar áfangaskýrslu hefur verið skilað sem gefur til kynna að framvinda verkefnisins sé a.m.k. 60%. Eftirstöðvar, eða 40% framlags, má þá greiða þegar lokaskýrslu hefur verið skilað og hún samþykkt í fagráði í nautgriparékt. Framleiðnisjóði landbúnaðarins er þó heimilt að víkja frá þessu ef eðli verkefnisins krefst þess.

6. gr.

Styrkþegar skulu skila skýrslu um verkefnið til fagráðs í nautgriparékt eigi síðar en 6 mánuðum eftir að því lýkur. Sé verkefnið til lengri tíma en eins árs skal skila árlegri áfangaskýrslu. Í skýrslunni skal lagt mat á framgang verkefnisins og hverju það hafi skilað fyrir nautgriparéktina í heild.

7. gr.

Styrkveitingar til verkefna þar sem ekki tekst að uppfylla skilyrði þessara reglna um skýrsluskil og lok verkefnis, sbr. 5.-6. gr., innan 12 mánaða frá því að Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkir fyrirheit um styrk, falla niður.

8. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar samkvæmt grein 6.4 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004, með síðari breytingum. Reglurnar öðlast gildi að fenginni staðfestingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og gildistími þeirra er sá sami og samningsins. Almenn ákvæði samningsins gilda um þá fjármuni sem ráðstafað er samkvæmt reglunum, eftir því sem við á.

Reykjavík, 26. júní 2014.

F.h. Bændasamtaka Íslands,

Eiríkur Blöndal.